



Gerðarsafn

– lifandi vettvangur fyrir listir

Útilistaverk í Kópavogi



Útilistaverk í Kópavogi

Starfsmenn Gerðarsafns unnu að úttekt og ástandsskoðun á útilistaverkum í Kópavogi að beiðni Lista- og menningaráðs Kópavogsbæjar.

Úttektin byggði á skrásetningu Friðriks Baldurssonar garðyrkjustjóra, sem hefur haft eftirlit með þrettán útilistaverkum til þessa. Utan þessara verka eru fleiri útilistaverk/minnisvarðar í borgarlandslaginu sem þarfnast rannsóknar varðandi eignarhald, ábyrgð og listrænt gildi.

Aðeins fimm útilistaverk eru skráð í safneign Gerðarsafns og eru á beinni ábyrgð safnsins. Þau verk eru Gegnumstreymi og Síhreyfing eftir Gerði Helgadóttur, Allir í leik eftir Sigurjón Ólafsson, Án titils eftir Jóhann Eyfells og Þróun eftir Sigurð Steinsson.



Útilistaverk í Kópavogi

Listaverk í eigu Kópavogsbæjar eru í safneign Gerðarsafns og sinna starfsmenn safnsins umsjón verka, skráningu, rannsóknum og sýningarhaldi. Til að tryggja faglega umsjón og eftirlit útilistaverka í Kópavogi ættu þau að vera skráð í safneign Gerðarsafns.

Fagleg umsjón útilistaverka ætti að vera unnin af starfsfólki Gerðarsafns en ekki er mögulegt fyrir safnið að sinna þessu viðamikla starfi með núverandi mönnun. Þarf fjármagn að berast til að mögulegt sé að sinna viðgerðum, umsjón og framþróun útilistaverka í Kópavogi.



Útilistaverk í Kópavogi

Ef fjármögnun fæst til að fara í faglega umsjón útilistaverka í Kópavogi myndi starfsfólk Gerðarsafns fara í rannsóknir á útilistaverkum og minnisvörðum í borgarlandslaginu. Ráðgjafanefnd Gerðarsafns myndi veita ráðgjöf um listrænt gildi verkanna; meta hver þeirra skilgreinist sem listaverk frekar minnisvarðar eða inngrip í umhverfið.

Skilgreina þarf hvað eigi að falla undir ábyrgð og umsjón safnsins og skapa faglega umgjörð um uppsetningu verka/minnisvarða í Kópavogi. Yrði þetta til þess að faglega verði farið að uppsetningu frekari verka/minnisvarða í bæjarfélaginu.



Stúpa tilbeiðslustaður búddista

Ráðgjafanefnd Gerðarsafns vann umsögn um Stúpu tilbeiðslustað Búddista að beiðni Lista- og menningaráðs Kópavogsbæjar.

Stúpan er unnin eftir nákvæmri forskrift að bænarstöðum búddista og er því ekki hugverk þess sem reisir hana. Ásetningur gerðar Stúpu er að skapa bænastað en ekki listaverk og gegnir hún hlutverki bænastaðar. Ráðgjafanefnd Gerðarsafns telur því ekki hægt að skilgreina Stúpu sem útilistaverk heldur bænastað sem vissulega getur haft menningarlegt gildi þó ekki sé um listaverk að ræða.

Lagt er til að Búddistafélagið óski eftir styrk eða stuðningi Kópavogsbæjar við viðgerð Stúpu frekar en að það sé tekið við því sem eigu bæjarins. Gerðarsafn getur verið ráðgefandi við viðgerð Stúpu ef þess er óskað.



Forvarsla útlitaverka í Kópavogi

Natalie Jacqueminet forvörður hefur unnið ástandsskoðun á útlitaverkum í Kópavogi og unnið forgangsröðun á viðgerðum verka. Natalie er sérfræðingur í fyrirbyggjandi forvörslu en telur þörf á að fá til landsins forvörð sem er sérfróður í forvörslu útlitaverka í brons, steypu og stein.

Forvörður myndi vinna áætlun þar sem veðráttu, mengun, notkun efna á vegum, loftgæði og önnur umhverfisáhrif eru tekin til greina. Forvörður gæti búið til verkáætlun viðgerða og eftirlits og ráðlagt um efnisnotkun og aðferðir, sem unnið yrði eftir.



Viðhaldsáætlun

Útilistaverk þarfnast eftirlits að hausti og vori og árlegs viðhalds. Samkvæmt ráðleggingum Natalie Jacqueminet forvarðar og safneignardeildar Listasafns Reykjavíkur telur árlegt viðhald til:

- Hreinsun á verkum til að koma í veg fyrir söfnun á óhreinindum og vökva
- Bóna járnverk og vaxbera
- Kalkbera gífsverk
- Mála verk og stöpla ef við á
- Fylla í glufur í stöplum og hreinsa útfellingar frá bronsmerkingum



Viðgerðaráætlun

Viðgerð útilistaverka fer eftir skemmdum hvers verks og stöpul. Viðgerðir og viðhald verka skal vinna í samstarfi við sérfræðinga í hverju efni fyrir sig

- Þyrí Þorgeirsdóttur forvörð með sérfræðipekkingu á bronsi (forngripa)
- Sólveig Jónsdóttir forvörður með sérfræðipekkingu á steini
- Forvörð vantar hérlandis með sérfræðipekkingu á járnverkum
- Byggingartæknifræðinga og múrara með sérþekkingu á gerð stöpla

Eftir fylgir útlistun á forgangsröðun í viðgerðum verka í Kópavogi.




Gerður Helgadóttir
Gegnumstreymi, 1973
Brons, 4.50 x 4.00 m

Verkið er með mörgum litlum skemmdum sem geta orðið til stórtækra skemmda á verki. Glufur og högg í yfirborði verks verða til vökvasöfnunar, sem veldur sprungumyndunum í frosti. Gera þarf við skemmdirnar sem allra fyrst til að valda ekki frekari skemmdum á verki.

Samhliða viðgerð skal huga að gerð renna innan verksins sem leiða vatn í gegnum skúlptúrinn.

Fá múrara og byggingaverkfræðing til að meta burðarþol og ástand stöpul. Miklar líkur á að steypa þurfi nýjan stöpul undir verkið þar sem það er farið að síga niður. Líkur eru á að vinna þurfi sterkari undirstöður undir stöpul verksins.

Áætlaður kostnaður við viðgerð: 1.000.000





Gerður Helgadóttir
Síhreyfing, 1970
Brons, 1.00 × 1.50 m

Verkið sjálft er í góðu ástandi og þarfnast aðeins hreinsunar og að verja með vaxhúð. Stöpullinn er mjög illa farinn miðað við aldur. Allar líkur á að steypa þurfi nýjan stöpul undir verkið. Sprungur og útfellingar það miklar að tæpast borgar sig að gera við.

Áætlaður kostaður við viðgerð: 500.000



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026



Sigurður Steinsson

Bróun, 1958

Brons og járn

140 x 90 x 205 cm

Staðsetning: Kársnesstígur, neðan Huldubrautar

Verkið er úr bronsi og járnri sem er látið ryðga til að fá áferð og lit á skúlptúrinn. Verkið þarfnast hreinsunar og ástandsskoðunar sérfræðings í bronsi og ryði til að kanna hvort tæringin sé virk eða stöðug. Þarf að mæla salt á yfirborði og hugsanlega verja með vaxi.

Áætlaður kostaður við viðgerð: 500.000



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026





Jóhann Eyfells

Án titils (Fuglabaðið), 1969

Sandsteinn og steypa

1.20 x 1.40 x 1.00 m

Fyrri staðsetning: Hlíðargarðurur

Verkið er mjög illa farið vegna viðkvæms efnis og var flutt inn árið 2012 vegna skemmda.

Sandsteinn þolir ekki veðrun utandyra hérlandis og hefur því verkið slípast og eru miklar úrfellingar úr efninu. Natalie telur að ekki sé hægt að gera við verkið en það má hreinsa og setja upp innandyra til sýningar. Hugmyndir hafa verið um að steypa verkið í brons en athuga þarf hvort yfirborð verksins sé nægilega líkt upprunalegri mynd til þess.

kyrkuvúð lönd.

Ei með orðaflaumi
mun eyðast heimsins nauð.
Kyrirt og rótt í jörðu
vex korn í brauð.

Jón úr Vör



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026



Fjármagn til viðgerða og eftirlits útilistaverka

Eftirlit, viðhald og viðgerðir útilistaverka í Kópavogi þarfnast eftirfarandi mönnunar:

- Sérfræðingur sem sér um skráningu, ástandsskoðun, verkefnastjórn viðgerða og almennt viðhald verka. Fullt starf í fjóra mánuði ársins.
- Forverði með sérfræðipekkingu á hverju efni fyrir sig: brons, járn, gips, málverki.
- Forvörð erlendis frá til ráðgjafar um verklag og áhættumat vegna umhverfisáhrifa.
- Byggingartæknifræðinga og múrara með sérþekkingu á gerð stöpla.

Átaksverkefni í umsjón og viðgerðum útilistaverka
Árlegt framlag í 3–5 ár: 5.000.000,-



Kortlagning og gerð nýrra útilistaverka

Næstu ár bera með sér miklar breytingar á bæjarlandinu þar sem opnast margir möguleikar fyrir aukinni áherslu á útilistaverk í Kópavogi.

Framhald átaksverkefnis í umsjón og viðgerð útilistaverka gæti verið áætlanagerð fyrir ný útilistaverk þar sem tekið er til greina virkni staða, umhverfi og hentugleiki umhverfis fyrir verk.